

Stjórnarfundur Geðhjálpar 03.12.2015

Mættir: Hrannar, Sveinn, Anna Gunnhildur, Auðna, Védís, Þórður, Sylviane, Bergþór og Róbert

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir eldri fundargerða(AÝO).**
Fundargerð lesin og rædd
- 2. Uppgjör við Pétur Guðmundsson í Holtaseli (HJ, AGÓ).**
Samið hefur verið við Pétur Guðmundsson um lok leigusamnings í Borgartúni 3 og kostnað vegna flutnings og förgunar stálplatna. Geðhjálpar hefur greitt Pétri umsamda 150.000 kr. upphæð. Vonast er til að eignaskiptasamningur liggja fyrir svo hægt sé að standa skil á lokagreiðslu vegna húsnæðisins að upphæð 2,6 milljónir fyrir áramót.
- 3. Frekari öflun styrktarféлага, samkomulag við Miðlun vegna prufu í köldum hópi (HJ, AGÓ).**
Samþykkt að Miðlun muni hafa samband við 1.600 manns úr heitum hópi og 5.000 úr köldum hópi á margfaldaranum 6 til að afla styrktarféлага. Miðlun hafði áður farið fram á margfaldarann 7 fyrir kalda hópinn. Gildandi samningur gerir ráð fyrir margfaldaranum 6.
- 4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 (AGÓ).**
Farið yfir fjárhagsáætlun og samþykkt að ráða ráðgjafa í 50% starf eftir áramót.
- 5. Umsögn til velferðarnefndar um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðisþjónustu (HJ).**
Umsögnin rædd og samþykkt með örlitlum breytingum. Fulltrúar Geðhjálpar verða væntanlega kallaðir á fund velferðarnefndar til að fylgja umsögninni eftir.
- 6. Beiðni um stuðning frá Geðlæknafélaginu um innflutning á Allen Frances (HJ).**
Samþykkt að leita stuðnings hjá geðlæknafélaginu og fleiri félögum, t.a.m. félögum félagsráðgjafa, sálfræðinga og iðjuþjálfara. Salurinn Norðurljós í Hörpu hefur verið pantaður fyrir viðburðinn þann 15. júní 2016.
- 7. Beiðni um styrk vegna bókaútgáfu (HJ).**
Handrit bókarinnar rætt og samþykkt að fá höfundinn til að koma á næsta fund.
- 8. Arfur frá Guðmundi Kristjáni Jónssyni til Geðhjálpar (HJ).**
Guðmundur arfleiddi Geðhjálpar að fjármunum sínum að frátöldum bíl. Samþykkt að leggja fjármunina inn á sérstakan reikning og hugsanlega stofna styrktarsjóð.

9. Líkamsræktarstyrkur til starfsmanna (HJ).

Samþykkt að veita hverjum starfsmanni 20.000 kr. á ári í líkamsræktarstyrk miðað við 100% starf frá og með árinu 2016.

10. Önnur mál, t.a.m. reifun á kynningarfundi í Vestmannaeyjum, jólalokun og framlag frá Olís.

- HJ sagði frá kynningarfundi í Vestmannaeyjum. Hugmyndir eru uppi um að stofna þar Geðhjálpardeild í byrjun næsta árs.
- ÞI sagði frá ferð sinni til Akureyrar og hugmyndum um að efla samstarf við landsbyggðina.
- HJ sagði frá því að Olís hefði í hyggju að gefa Geðhjálp 5 kr. af hverjum seldum bensínlítra þann 18. desember.

Fundi var slitið um kl. 19.10.